

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. október 2019

Mál nr. E-881/2019:

Íris Hall

Skúli Sveinsson lögmaður

gegn

Sigrúnu Þórarinsdóttur

Ólafur V. Thordersen lögmaður

Mál þetta, sem var dómtekið 17. október sl., er höfðað af Írisi Hall, [...], á hendur Sigrúnu Þórarinsdóttur, [...], með stefnu birtri 21. janúar 2019.

Stefnandi krefst þess að rift verði með dómi fimm greiðslum frá þb. Hornsteins byggingafélags ehf., til stefndu, samtals að fjárhæð 9.100.123 krónur, sbr. eftirfarandi millifærslur:

1. Hinn 5.2.2018, að fjárhæð 53.000 krónur.
2. Hinn 4.9.2017, að fjárhæð 1.200.000 krónur.
3. Hinn 14.12.2016, að fjárhæð 147.123 krónur.
4. Hinn 6.12.2016, að fjárhæð 1.700.000 krónur.
5. Hinn 1.11.2016, að fjárhæð 6.000.000 króna.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði gert að greiða þb. Hornsteins byggingafélags ehf. 9.100.123 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, af 6.000.000 króna frá 1.11.2016 til 6.12.2016, af 7.700.000 krónum frá þeim tíma til 4.12.2016, af 7.847.123 krónum frá þeim tíma til 4.9.2017, af 9.047.123 krónum frá þeim tíma til 5.2.2018, af 9.100.123 krónum frá þeim tíma til þingfestingardags, en frá þeim tíma dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 9.100.123 krónum til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 53.000 krónum. Til vara gerir stefnda kröfu um að dómkrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og aðeins tekin til greina að óverulegu leyti. Í báðum tilvikum krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Hinn 14. apríl 2015 stofnaði stefnda ásamt þáverandi sambýlismanni sínum, Sveini Frímanni Bjarnasyni, einkahlutafélagið Hornstein byggingafélag, í þeim tilgangi að kaupa, gera upp og selja fasteignina að Heiðargerði 11, Reykjavík. Var gengið frá

kaupunum í ágúst 2015. Samkvæmt samkomulagi átti stefnda að fjármagna verkið og Sveinn Frímann annast vinnu við endurbætur á eigninni.

Í júní 2016 slitnaði upp úr sambúð stefndu og Sveins Frímanns og urðu samskipti þeirra í kjölfarið fremur stirð. Sveinn Frímann hætti vinnu við endurbætur á fasteigninni og var eignin sett á sölu. Að endingu var fasteignin seld hinn 28. október 2016 eftir að genginn var dómur Hæstaréttar í málinu nr. 614/2016. Í kjölfarið greiddi stefnda upp skuldir vegna Heiðargerðis 11.

Deilur stefndu og Sveins Frímanns vörðuðu meðal annars launakröfu hans á félagið vegna vinnuframlags og fleira, sem og umráð bifreiðarinnar HK 591 af gerðinni Toyota Land Cruiser, í eigu félagsins, sem Sveinn Frímann festi kaup á fyrir hönd félagsins 30. maí 2017. Við kaupin setti stefnandi upp í kaupverðið gamla bifreið sem hún átti sem var verðmetin á 1.000.000 króna. Er krafa stefnanda á hendur þrotabúinu grundvölluð á þessum viðskiptum og hefur hún lýst í búið kröfu að fjárhæð 1.000.000 króna.

Þær kröfur sem út af stóðu við uppgjör stefndu á skuldum Hornsteins ehf. voru krafa Brotafls ehf. og krafa stefnanda. Stefnda bauð Brotafli ehf. og stefnanda, þá einu kröfuhöfum félagsins, greiðslu sem nam 84% af höfuðstól krafna þeirra. Brotafl ehf. samþykkti greiðslu en stefnandi hafnaði henni og lagði í kjölfarið fram kröfu um gjaldþrotaskipti á félaginu. Hinn 2. maí 2018 var Hornsteinn byggingafélag ehf. tekið til gjaldþrotaskipta.

Á skiptafundi 11. september 2018 lýsti lögmaður stefnanda því yfir með vísan til 130. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., að stefnandi myndi höfða riftunarmál í eigin nafni, til riftunar á tilgreindum greiðslum félagsins til stefndu, en stefnandi er sambýliskona Sveins Frímanns Bjarnasonar.

II

Stefnandi byggir á því að ljóst megi vera að stefnda sé nákominn félaginu, nú þb. Hornsteins byggingafélags, í ljósi þess að hún hafi verið eini eigandi félagsins, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður þess. Því séu skilyrði 2. mgr. 131. gr. og 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., fyrir hendi.

Stefnandi byggir jafnframt á því að ljóst sé að félagið hafi verið ógjaldfært þegar viðkomandi greiðslur hafi verið inntar af hendi eða hið minnsta hafi félagið við þær orðið ógjaldfært. Stefndi kveður félagið hafa orðið það strax þegar fyrsta greiðslan, sem krafist sé riftunar á, 6.000.000 króna, hafi verið greidd hinn 1. nóvember 2016. Stefndi bendi jafnframt á að verulegar kröfur hafi verið til staðar á hendur félaginu sem hafi ekki verið færðar í bækur þess. Þá sýni ársreikningur félagsins fyrir árið 2016 að staða félagsins hafi verið slæm. Skilyrði riftunar samkvæmt 2. mgr. 131. gr. og 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., hafi því verið fyrir hendi vegna ógjaldfærni

félagsins. Stefnandi bendi enn fremur á að stefnda beri sönnunarbyrði fyrir því að félagið hafi verið gjaldfært, þrátt fyrir hinar tilgreindu fimm greiðslur sem krafist sé riftunar á.

Stefnandi kveður að allar fimm greiðslurnar sem krafist sé riftunar á hafi farið fram vel innan við tímamark laganna, þ.e. innan 24 mánaða frá frestdegi þrotabúsins sem hafi verið 16. mars 2018. Fyrstu greiðsluna sem krafist sé riftunar á hafi stefnda innt af hendi hinn 1. nóvember 2016. Skilyrði til riftunar séu því fyrir hendi varðandi þau tímamörk sem kveðið sé á um í lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Stefnandi vísi til þess að samkvæmt gögnum málsins sé ljóst að bókfærð staða skuldar félagsins við stefndu sem eiganda hafi í árslok 2015 numið alls 6.203.000 krónum en samanlagðar greiðslur félagsins til stefndu, sem riftunarkrafa stefnanda varði, hafi samtals numið 9.100.123 krónum. Sú fjárhæð sem sé umfram bókfærða skuld félagsins við stefndu geti aðeins verið gjöf, enda ekki endurgreiðsla á skuld.

Með vísan til framangreinds sé því farið fram á riftun á eftirfarandi fimm greiðslum, sem hafi verið greiddar út af bankareikningi félagsins í Landsbanka Íslands númer 0133-26-010681, og lagðar inn á bankareikning í eigu stefndu. Greiðslurnar séu nánar tiltekið:

1. Hinn 5.2.2018, millifærsla að fjárhæð 53.000 krónur.
2. Hinn 4.9.2017, millifærsla að fjárhæð 1.200.000 krónur.
3. Hinn 14.12.2016, millifærsla að fjárhæð 147.123 krónur.
4. Hinn 6.12.2016, millifærsla að fjárhæð 1.700.000 krónur.
5. Hinn 1.11.2016, millifærsla að fjárhæð 6.000.000 króna.

Stefnandi krefjist skaðabóta og/eða endurgreiðslu stefndu á þeim fjármunum sem hafi verið greiddir stefndu með vísan til þeirrar meginreglu laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., að sá sem hafi haft hag af riftanlegri ráðstöfun skuli greiða þrotabúinu fé sem svari til þess sem greiðsla þrotamannsins hafi orðið honum að notum. Stefnandi byggir á því, varðandi framangreindar málsástæður, að stefnda hafi haft hag af hinum umdeildu ráðstöfunum, alls 9.100.123 krónur. Sú fjárhæð svari einnig til þess tjóns sem þrotabúið hafi orðið fyrir vegna ráðstafana stefndu, þar sem samsvarandi eign hafi ekki verið til reiðu í búinu til fullnustu kröfuhöfum.

III

Stefnda kveðst byggja sýknukröfu sína á því að skilyrði riftunar á grundvelli XX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., séu ekki fyrir hendi í málinu. Stefnda hafni jafnframt allri hugsanlegri skaðabótaábyrgð í málinu. Með vísan til þess telji stefnda engan grundvöll vera fyrir kröfu stefnanda, að fjárhæð 9.100.123 krónur, að fráðregnum þeim 53.000 krónum, sem stefnda geri ekki athugasemdir við og fallist stefnda því á að endurgreiða þann hluta kröfunnar, millifærsla 5. febrúar 2018, sbr. kröfugerð í stefnu. Stefnda hafni að öðru leyti alfarið kröfum stefnanda.

Hvað varði greiðslu undir lið númer tvö í stefnu, millifærsla 4. september 2017, samtals að fjárhæð 1.200.000 krónur, vísi stefnda til þess að ljóst sé af gögnum málsins að stefnda hafi þegar endurgreitt fjárhæðina að fullu inn á reikning félagsins. Fjárhæðin hafi fyrir mistök verið millifærð af reikningi félagsins yfir á reikning í eigu stefndu. Sama dag hafi fjárhæðin verið millifærð af reikningi stefndu yfir á reikning félagsins með skýringunni „leiðrétting“. Stefnda telji því ljóst að þessi hluti af dómkröfu stefnanda sé þarflaus og því beri að sýkna stefndu af þessum hluta kröfunnar.

Stefnda telji því ljóst að ágreiningur málsins snúist um þær greiðslur sem eftir standi, greiðslur sem auðkenndar séu í stefnu með töluliðum 3–5.

Stefnda byggji sýknukröfu sína varðandi framangreindar þrjár greiðslur í fyrsta lagi á því að ákvæði 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., komi ekki til álita þar sem umræddar greiðslur hafi verið innborganir félagsins á viðskiptaskuld þess við stefndu. Með vísan til þess sé því hafnað að um gjafagerning hafi verið að ræða heldur hafi millifærslurnar verið greiðslur á gjaldföllum skuldum félagsins við stefndu. Því til stuðnings vísi stefnda til þess að hún hafi lagt hinu gjaldþrota félagi til umtalsverða fjármuni í formi lána árin 2015 til 2016 í tengslum við endurbætur á fasteigninni að Heiðargerði 11. Nánar tiltekið hafi stefnda millifært um 10 milljónir króna af reikningi stefndu yfir á reikning félagsins á umræddu tímabili, auk þess sem hún hafi veitt félaginu veð í sínum persónulegu eignum svo félaginu væri mögulegt að standa straum af þeim kostnaði sem hafi hlotist af framkvæmdum við fasteignina að Heiðargerði 11.

Í öðru lagi byggji stefnda á því að skilyrði til riftunar samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr., 134. gr. laga nr. 21/1991 séu heldur ekki fyrir hendi í máli þessu. Enga nánari tilvísun sé að finna í stefnu til skilyrða 1. mgr. 134. gr. laganna eða þess hvernig skilyrði ákvæðisins séu að öðru leyti uppfyllt í málinu. Hvorki hafi verið greitt með óvenjulegum greiðslueyri né hafi greiðslur verið greiddar fyrr en eðlilegt var. Þá hafi þriðja skilyrðið, þess efnis að greidd hafi verið fjárhæð sem hafi skert greiðslugetu þrotamanns verulega, nema að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum, ekki verið uppfyllt. Stefnda byggji á því að á þeim tíma sem umræddar greiðslur hafi verið inntar af hendi, töluliðir 3–5 í stefnu, hafi félagið verið gjaldfært, og það þrátt fyrir greiðslurnar í skilningi 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Stefnda kveður fjárhagsstöðu félagsins hafa verið góða á þessum tíma, þ.e. í nóvember og desember 2016. Því til stuðnings vísi stefnda til þess að félagið hafi átt bifreiðina HK-591 af tegundinni Toyota Land Cruiser, sem félagið hafi keypt 30. maí 2016, en sú eign hafi verið metin á 3.480.000 krónur. Jafnframt hafi félagið selt fasteignina að Heiðargerði 11 hinn 28. október 2016 fyrir 58.500.000 krónur. Félagið hafi auk þess átt kröfu á hendur fyrrum sambýlismanni stefndu og fyrrum starfsmanni félagsins, Sveini Frímanni, að fjárhæð 900.000 krónur auk vaxta.

Framangreindu til enn frekari stuðnings vísi stefnda til þess að í kjölfar sölu fasteignarinnar að Heiðargerði 11 hafi stefnda greitt niður mestallar skuldir félagsins, en

samkvæmt fyrirbyggjandi ársreikningi fyrir árið 2016 hafi skuldir þess lækkað úr 39.926.544 krónum í 5.002.126 krónur frá árinu áður. Á sama tíma hafi félagið átt eignir að verðmæti 5.643.365 krónur og eigið fé að fjárhæð kr. 641.239. Þá hafi stefnda fengið endurskoðanda félagsins til að vinna yfirlit sem sýni að hinn 31. desember 2016 hafi eignir félagsins numið 5.309.305 krónum en skuldir þess numið 4.604.976 krónum. Stefnda vísi jafnframt til þess að samkvæmt skattframtali félagsins árið 2017 vegna ársins 2016 hafi eignir félagsins numið 5.643.365 krónum en skuldir þess numið 5.002.126 krónum.

Með vísan til framangreinds byggi stefnda á því að félagið hafi verið gjaldfært, og það þrátt fyrir umræddar greiðslur sem ágreiningur málsins varði. Gögn málsins sýni fram á að í árslok 2016 hafi eignir félagsins verið meiri en skuldir þess, sem hafi verið staðfest með yfirlýsingu frá stefndu í janúar 2017 í kjölfar áskorana kröfuhafa um gjaldfærni félagsins. Að endingu vísi stefnda til þess að innstæða á reikningi félagsins hafi numið 3.810.229 krónum þegar síðasta greiðslan sem málið varði var innt af hendi hinn 14. desember 2016. Engin millifærsla hafi því verið umfram eign á veltureikningi félagsins.

Stefnda bendi enn fremur á að engar opinberar gjörðir eða önnur vanskil hafi hvílt á félaginu á þeim tíma þegar greiðslur samkvæmt tölulið 3–5 í stefnu hafi verið inntar af hendi til stefndu eða nokkuð annað sem gæti gefið það til kynna að félagið hefði ekki getað staðið við skuldbindingar sínar. Jafnframt hafi félagið staðið í fullum skilum með öll opinber gjöld en hvorki lánastofnanir né lífeyrissjóðir hafi lýst kröfu í búið. Í því samhengi vísi stefnda til framlagðrar kröfuskrár þrotabús félagsins en þar megj sjá að samþykktar kröfur nemi 785.737 kr., krafa stefnanda, en öðrum kröfum, þ.m.t. þeim sem fjallað er um í málalíbúnaði stefnanda, hafi skiptastjóri hafnað.

Stefnda mótmælir alfarið fullyrðingum stefnanda þess efnis að á félaginu hafi hvílt verulegar óbókfærðar skuldir, enda séu þær rangar. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sé með öllu ósannað að félagið hafi skuldað aðrar kröfur en þær sem skiptastjóri hafi þegar samþykkt.

Stefnda leyfir sér enn fremur að vísa til þess að af orðalagi 2. mgr., sbr. 1. mgr., 64. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., megj ráða að skuldari hafi ákveðið svigrúm til að bregðast við greiðslufalli. Þannig hafi verið litið svo á að við mat á gjaldfærni skuldara beri að líta til möguleika hans til fjármögnunar og lántöku, en einnig verði að veita honum ákveðið svigrúm til að koma eignum í verð. Á árinu 2017 hafi stefnda leitast við að gera upp skuldir félagsins og koma lausafé þess í verð, t.a.m. með sölu á bifreiðinni HK 591, en helstu kröfuhafar félagsins á þessum tíma hafi verið Brotafl ehf., Hrönn Sveinsdóttir, móðir Sveins Frímanns, og stefnandi. Samtals hafi kröfur þeirra á félagið numið 2.500.672 krónum. Til að unnt væri að greiða kröfurnar að fullu hafi stefnda selt áðurnefnda bifreið félagsins, HK 591, 19. maí 2017 fyrir 2.550.000 krónur.

Við sölu bifreiðarinnar og greiðslu á framangreindri málskostnaðarkröfu félagsins á hendur Sveini Frímanni hugðist stefnda gera upp allar kröfur félagsins. Hinn 14. desember 2017 hafi aftur á móti fallið tveir dómar á hendur félaginu þar sem því var gert að greiða kröfur stefnanda og db. Hrannar, 2.000.000 króna auk málskostnaðar sem hafi samtals numið 700.000 krónum auk dráttarvaxta. Stefnda byggir á því að það hafi ekki verið fyrr en þá, við uppkvaðningu dómanna tveggja 14. desember 2017 að félagið hafi orðið ógreiðslufært, enda hefðu eignir félagsins að öðrum kosti nægt til að greiða allar kröfur þess.

Stefnda telur því ljóst af framangreindu að félagið hafi verið gjaldfært allt fram til 14. desember 2017.

Þá bendir stefnda enn fremur á að hluta þeirra fjármuna sem greiddir voru stefndu hafi hún notað til þess að greiða niður skuldir og kröfur sem annars hefðu lent á þrotabúinu. Til að mynda hafi stefnda greitt efniskostnað og hluta af viðgerðarkostnaði við eignina að Heiðargerði 11 þegar kaupendur gerðu athugasemdir við ástand hennar. Stefnda telji þann kostnað sem hún hafi þurft að bera vegna þessa nema um 1.500.000 krónum og áskilji stefnda sér rétt til að leggja fram gögn á síðari stigum málsins varðandi þetta atriði.

IV

Við aðalmeðferð málsins komu og gáfu skýrslu stefnandi Íris Hall og stefnda Sigrún Þórarinsdóttir. Auk þeirra gáfu skýrslu fyrir dóminum sem vitni Sveinn Frímann Bjarnason og Sveinbjörn Sveinbjörnsson endurskoðandi.

Eins og mál þetta liggur fyrir er kjarni málsins sá hvort þrotabúið hafi verið gjaldfært í skilningi laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., á þeim tíma er þær greiðslur sem stefnandi krefst riftunar á fóru fram.

Stefnda hefur viðurkennt greiðsluskyldu sína vegna kröfu að fjárhæð 53.000 krónur sem greidd var 5. febrúar 2018, sbr. lið 1 í kröfugerð. Þá liggur fyrir að greiðsla að fjárhæð 1.200.000 krónur, sbr. lið 2 í kröfugerð, og innt var af hendi 4. september 2017, var leiðrétt samdægurs af stefndu. Kröfuliður þessi er því tilhæfulaus, eins og framlagt bankayfirlit ber skýrlega með sér.

Samkvæmt framangreindu stendur eftir ágreiningur um þrjár greiðslur af reikningi félagsins inn á reikning stefndu á tímabilinu 1. nóvember 2016 til 14. desember 2016, sbr. liði 3–5 í kröfugerð, og krefst stefnandi riftunar þeirra. Þá gerir stefnandi auk þess endurgreiðslukröfu á hendur stefndu auk dráttarvaxta.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að stefnda falli undir það að vera nákominn þrotabúinu í skilningi gjaldþrotalaga, þar sem hún var eini eigandi þess, og vísar um riftunina til 2. mgr. 131. gr. og 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Til þess að unnt sé að rifta ráðstöfun á grundvelli framangreindra ákvæða þarf þrotabúið að hafa verið ógjaldfært á þeim tíma er greiðslurnar fóru fram og það þrátt fyrir þær.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að félagið hafi verið orðið ógjaldfært hinn 1. nóvember 2016 þar sem verulegar kröfur hafi verið til á hendur félaginu sem hafi ekki verið færðar inn í bækur félagsins auk þess sem eignir félagsins hafi verið ofmetnar í ársreikningi 2016. Í málflutningi vísaði stefnandi til þess að framangreindar kröfur væru kröfur Sveins Frímanns Bjarnasonar, Viktors Fannars Sveinssonar og Arons Arnar Ívarssonar, sem lýst var í þrotabúið vegna vinnu þeirra við Heiðargerði 11. Hins vegar eru kröfum þessum í engu gerð skil, hvorki í stefnu né í framlögðum gögnum stefnanda. Því eru þær með öllu ósannaðar. Í framburði vitnisins Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar endurskoðanda fyrir dóminum kom skýrt fram að skulda- og eignastaða félagsins eins og hún kemur fram í ársreikningi 2016 sé rétt. Kom fram að vitnið hafði sjálfur annast bókhald og gerð ársreikninga fyrir félagið alveg frá upphafi. Þá kom einnig fram hjá vitninu að eina eign félagsins á þessum tíma hafi verið bifreiðin HK 591, en hún hafi verið færð niður um 676.000 krónur í árslok 2016, frá því að hún var keypt 30. maí 2016, sem teldist eðlileg afskrift á eigninni. Með hliðsjón af framangreindu hefur stefnandi hvorki sýnt fram á að fleiri kröfur hafi verið til á hendur félaginu í árslok 2016 né að eignir þess hafi verið ofmetnar í ársreikningi 2016. Verða fyrirbyggjandi gögn um fjárhagsstöðu félagsins árið 2016 því lögð til grundvallar við mat á gjaldfærni félagsins þann tíma sem hinar umdeildu ráðstafanir fóru fram.

Þótt sönnunarbyrði um gjaldfærni hvíli að meginstefnu á stefndu færist sú byrði yfir á stefnanda ef stefnda sannar að Hornsteinn byggingafélag ehf. hafi verið gjaldfært þegar hinar umdeildu greiðslur voru inntar af hendi og það þrátt fyrir greiðslurnar. Fyrir dóminum liggja ýmis gögn um fjárhagsstöðu félagsins í árslok 2016, t.a.m. ársreikningur 2016, skattframtal árið 2017 fyrir tekjuárið 2016, yfirlit frá endurskoðanda um eigna- og skuldastöðu félagsins 31. desember 2016 og yfirlit endurskoðanda um þróun eigna og skulda félagsins árin 2016 og 2017. Að mati dómsins sýna öll framangreind gögn fram á að félagið átti eignir umfram skuldir í árslok 2016, en samkvæmt ársreikningi 2016 námu eignir þess 5.643.365 krónum en skuldir 5.002.126 krónum. Átti félagið því í árslok 2016 jákvætt eigið fé sem nam 641.239 krónum. Vitnið Sveinbjörn Sveinbjörnsson staðfesti fyrir dóminum framangreinda eigna- og skuldastöðu félagsins í árslok 2016.

Með hliðsjón af framangreindu, þeim gögnum sem liggja fyrir um fjárhagsstöðu félagsins í árslok 2016 og framburði Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, er það niðurstaða dómsins að Hornsteinn byggingafélag ehf. var gjaldfært í árslok 2016, þegar hinar umdeildu greiðslur fóru fram, og eru því ekki fyrir hendi skilyrði samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., til að rifta þeim greiðslum. Stefnda er því sýknuð af kröfum stefnanda er varða riftun á greiðslum yfir tímabilið frá 1. nóvember 2016 til 14. desember 2016, sbr. liði 2–5 í dómkröfum.

Eins og að framan greinir hefur stefnda viðurkennt kröfu stefnanda er varðar greiðslu að fjárhæð 53.000 krónur, sbr. 1. lið í kröfugerð. Er þeirri greiðslu rift og stefndu gert að greiða þrotabúi Hornsteins byggingafélags ehf. þá fjárhæð eins og nánar greinir í dómsorði.

Eins og mál þetta liggur fyrir þykir rétt að stefnandi greiði stefndu málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.300.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Rift er greiðslu af reikningi þrotabús Hornsteins byggingafélags ehf. inn á reikning í eigu stefndu, Sigrúnar Þórarinsdóttur, hinn 5. febrúar 2018, að fjárhæð 53.000 krónur.

Stefnda, Sigrún Þórarinsdóttir, greiði þrotabúi Hornsteins byggingafélags ehf. 53.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá dómsuppsögu og til greiðsludags.

Stefnda, Sigrún Þórarinsdóttir, er að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda, Írisar Hall.

Stefnandi, Íris Hall, greiði stefndu 1.300.000 krónur í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir